



Meðal efnis
í þessu
tölublaði:

Friðarbarn á ferð um sýsluna

Fylgt úr hlaði	2
Strandir.is	2
Fundargerð 1046	3
Strandamaður ársins	3
Svipmyndir frá jólum og áramótum	4
Strandagaldur hefur vörubróun minjagripa	5
Fundargerð 1045	5
Fundargerð 1044	6
Tvö útköll á árinu	6
Heiða í Idolinu	6
Hvað er á döfinni?	7
Rúm 100 tonn af byggðakvóta í sýsluna	8
Sundlaugarbygging fókheld á Drangsnesi	8
Ný verslun á Borðeyri	8



Frá sýningu á Friðarbarninu í Hólmavíkurkirkju

Ljósmynd: KSE

Um tuttugu krakkar á Ströndum frumsýndu fyrir jólin söngleikinn Friðarbarnið. Um er að ræða uppsetningu á vegum æskulýðsfélags Hólmavíkurkirkju sem nýlega hlaut styrk úr æskulýðssjóði Menntamálaráðuneytisins. Það er Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir sem leikstýrir krökkunum en sr Sigríðar Óladóttir sóknarprestur stýrir söngnum og Gunnlaugur Bjarnason sér um tækniaðstoð. Að sögn Hrafnhildar er verkið sett upp í samvinnu Hólmavíkurprestakalls, grunnskólanna á svæðinu og

leikfélags Hólmavíkur. Æfingartíminn verði fremur stuttur en krakkarnir, sem koma frá Drangsnesi, Hólmavík og nærsveitum hafa staðið sig afar vel. "Það kom í ljós á síðustu stundu að krakkarnir úr Árneshreppi gætu ekki verið með okkur, vegna tíðarfars þar fyrir norðan og þá þurfti að finna aðra í þeirra hlutverk" sagði Hrafnhildur. Í vor stendur til að æfa stykkið upp aftur og gefa þá krökkunum í Árneshrepp færi á að vera með og sýna verkið þar. Uppistaðan í hópnum eru fermingarbörn í

Strandasýslu en síðan var bætt við úr árgöngunum fyrir ofan og neðan. Eftir áramótin stendur til að taka tónlistina upp á geisladisk til afnota í æskulýðsstarfi kirkjunnar. Hrafnhildur segir þetta verk, sem hefur bæði jóla- og friðar boðskap, ekki hafa verið tekið áður til sýninga hér á landi. Þetta er rúmlega klukkustundar löng sýning með tíu söngvum. Þorkell Örn Ólason þýddi verkið, en tónlistin er eftir Mark og Helen Johnson og og textinn eftir Sue Langwade. Að sögn sr Sigríðar gáfu höfundar

góðfúslegt leyfi til að taka verkið til sýningar án endurgjalds. Frumsýning var á Hólmavík sunnudaginn 12. desember. Næsta sýning verður á Drangsnesi mánudaginn 17. janúar næstkomandi og einnig er stefnt að sýningu í Árneshreppi með vorinu. Þá hefur hópnum verið boðin þátttaka á kirkjulistahátíð um Jónsmessuna í sumar.

Heimasíða höfunda friðarbarnsins er www.outofthearc.com

Hólmavíkurhreppur 20.tbl janúar 2005

Hafnarbraut 19, sími 4513510
Ritstjóri: Kristín Sigurrós
Einarsdóttir
Netfang: stina@holmavik.is
Yfirlitur: Kristján Sigurðsson



WWW.HOLMAVIK.IS

Fylgt úr hlaði:


Áramótaheitin

Vinsælasta umræðuefni manna á milli á þessum árstíma er áramótaheitið. Raunar er strax orðið útséð með það hvort áramótaheitið verður að veruleika enda þótt menn kjósi að treina jólin og seinka þrettándanum með því að hafa kveikt á jóla-ljósunum og taka skrautið aðeins seinna niður. Sjálf er ég í hópi þeirra sem eru haldnir slíkri frestunaráráttu og finn mér jafnan fullt af afsökunum eða réttlætningum og finnst mér hafa töluvert til míns máls jafn vel þótt jólagardínurnar hangi fram yfir páska. Áramótaheit er þó tæplega áramótaheit þegar janúar er hálfnaður og jafn stutt í næstu mánaðarmót eins og það er stutt liðið frá áramótum. En heitið má engu að síður framkvæma síðar á árinu og t.a.m. er ábyggilega ekkert verra að hætta að reykja 27. júní en 1. janúar eða að fara í megrun 30. mars heldur en að byrja einmitt 1. janúar. Það sem hefur kannski helst vakið athygli mína varðandi áramótaheitin er að þau snúa undan-tekningalítið að eigin skinni. Vinsælast í þessum geira hefur jafnan verið heilsuátak eða að láta af einhverjum persónulegum ósiðum, laga fjármálin eða eitthvað slíkt. Ég skora því á Strandamenn að gera að minnsta kosti eitt janúar- eða febrúarheit sem snýr að því að gera heimabyggð sinni eitthvað til heilla. Það getur t.d. verið að baka eina köku fyrir opnun íþróttahússins, taka þátt í einhverju félagsstarfi, koma með tímamótahugmynd varðandi atvinnuuppbyggingu á svæðinu, segja hverjum sem heyrir vill að heimsækja Strandir á komandi sumri, tjá sig um mikilvægi samgöngubóta og svo mætti lengi telja. Með öðrum orðum að vera Stranda- maður í hugsun og gjörðum, hvar sem er, hvenær sem er. Svo má kannski útfæra þetta nánar næst og gera þjóðlegt áramótaheit sem snýr að einhverju heillavænlegu fyrir land og þjóð. Mikilvægast í þessu öllu er þó kannski að vera þess minnugur dag frá degi að gjörðir okkar hugsun og aðrar athafnir endurspegli virðingu okkar gagnvart sjálfum okkar og öðrum. Þannig vinnum við sjálfum okkar, byggðarlaginu, og Íslandi öllu ómetanlegt gagn í komandi framtíð.

Kristín Sigurrós Einarsdóttir,
-löngu búin að klúðra áramótaheitinu.-



Vafrað á vefnum:



Fjölbreyttur vefur

Fréttavefurinn strandir.is var opnaður skömmu fyrir jól. Um er að ræða vef um málefni Stranda og á honum eru birtar fréttir sem eru uppfærðar nokkrum sinnum á dag, tenglar á vefsíður og netföng einstaklinga á Ströndum, tilkynningar og kveðjur vegna afmæla og annara tímamóta, sögubættir, viðtöl, aðsendar greinar, skoðana-könnun, spjalltorg og fleira athyglisvert efni. Flest af þessu efni er eitthvað sem verulega hefur skort á að Stranda- og aðrir áhugasamir geti nálgast á netinu. Viðtök eru eftir því og ekki er óalgengt að á bilinu 20-100 manns séu inni á vefnum í einu.

Samgöngutorg

Rétt er að vekja athygli á einum frumlegum og afar athyglisverðum notkunarmöguleika á spjalltorgi vefsins, en það er svokallað samgöngutorg. Þar geta menn látið vita af ferðum sínum eða auglýst eftir fari, þufti menn af einhverjum ástæðum að koma sjálfum sér eða öðrum varningi út og suður. Síðan geti menn haft samband og nýtt sér þær ferðir sem til falla, og ekki vanþörf á þar sem almenningssamgöngur á Ströndum eru í algjöru lágmarki. Þá má nefna að hægt er að setja inn smáauglýsingar og tjá sig um allt milli himins og jarðar.

Sjálfboðavinna

Fréttirnar eru af mjög fjölbreyttum toga. Fréttaritara sinna fréttaskrifum í

sjálfboðavinnu og eru þeir þegar orðnir tíu, víðs vegar úr sýslunni. Þá koma að fréttadóflun einn ljósmyndari og ritstjórn. Ritstjórnina skipa Jón Jónsson á Kirkjubóli, sem er ritstjóri og hefur fyrirtæki hans Sögusmiðjan umsjón með vefnum, Arnar Jónsson og Sigurður Atlason. Forritari er Áki Guðni Karlsson. Vefritið hefur sérstakan áhuga á framförum, hvers konar uppbyggingu og skemmtilegu mannlífi á Ströndum og "vill auka samheldni og samstöðu Strandamanna í þeirri varnarbaráttu sem byggð á svæðinu á í þessi árin." **Samstarf við Fréttirnar til fólksins** Hinn nýji vefur www.strandir.is og þetta blað munu hafa með sér samstarf um gagnkvæma fréttanotkun. Er ekki nokkur vafi á því að slíkt mun vera blaðinu styrkur, því þótt vefmiðlar hafi á seinni árum komið að nokkru leyti í stað prentmiðla, þá er alltaf einhver hópur fólks sem ekki notar netið og aðrir sem að vilja líka getað þreifað á lesefninu í stað þess að rýna í það á skjá. Blaðið mun enn um sinn koma út u.þ.b. einu sinni í mánuði og veitir því ágætt yfirlit yfir fréttir sem í einhverjum tilfellum birtast einnig í Morgunblaðinu, á strandir.is og vef Grunnskólans, enda stundar ritstjóri blaðsins fréttaskrif á öllum þessum stöðum. Samstafið mun án efa þróast í framtíðinni og jafnvel geta af sér einhverjar skemmtilegar nýjungar.

Leiðrétting vegna síðasta tölublaðs:

Þau leiðu mistök urðu að bæði var farið rangt með heimilisfang og föðurnafn Jóns G. Guðjónssonar í Litlu-Ávík í Árneshreppi. Eru Jón og aðrir lesendur beðnir innilega velvirðingar á þessum leiðu mistökum.

Vefsíða Jóns sem greinin fjallaði um er www.litlihjalli.it.is. Því er við að bæta að Jón hefur einnig gerst fréttaritari fyrir www.strandir.is og má því lesa fréttir frá honum á þeim vef.

Fundargerð 1046 .hreppsnefndarfundar þriðjudaginn 11.janúar 2005

Ár 2005 þriðjudaginn 11. janúar 2005 var haldinn fundur í hreppsnefnd Hólmavíkurhrepps. Fundurinn var haldinn á skrifstofu hreppsins og hófst hann kl. 17:00. Haraldur V.A. Jónsson oddviti setti fundinn og stjórnaði honum en auk hans sátu fundinn Elfa Björk Bragadóttir, Valdemar Guðmundsson, Eysteinn Gunnarsson og Kristín S. Einarsdóttir. Ennfremur sat fundinn Ásdís Leifsdóttir sveitarstjóri. Fundarritari var Engilbert Ingvarsson.

Þetta var gert : Samþykkt var samhljóða afbrigði við boðaða dagskrá að tekið verði á dagskrá 9. mál : Formleg opnun Íþróttamiðstöðvarinnar á Hólmavík. Oddviti kynnti dagskrá í 9. tölulíðum sem var eftirfarandi :

1. Erindi frá Valdemar Guðmundssyni að sett verði á laggirnar Menningarmálanefnd Hólmavíkur.
2. Erindi frá Félagi skipstjórnarmanna um umboð til kjarasamningsgerðar fyrir félagsmenn.
3. Erindi frá Sjávarútvegsráðuneyti um tillögur að úthlutun byggðakvóta fyrir Hólmavíkurhrepp.
4. Erindi frá Vátryggingafélagi Íslands hf. ásamt tillögu að samkomulagi um vátryggingar.
5. Erindi frá Ólöfu Jónsdóttur og Reyni Stefánssyni frá Hafnardal.
6. Fyrirkomulag snjómoksturs á Langadalströnd.
7. Erindi frá Félagsmálaráðuneyti um áætlaðar heildargreiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna ársins 2005.
8. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Vestfjarða frá 10. desember 2004.
9. Formleg opnun Íþróttamiðstöðvar Hólmavíkur.

Þá var gengið til dagskrár:

1. **Erindi frá Valdemar Guðmundssyni að sett verði á laggirnar Menningarmálanefnd Hólmavíkur.** Borist hefur bréf dags. 6. janúar 2005 frá Valdemar Guðmundssyni um að stofna menningarmálanefnd Hólmavíkur. Samþykkt var samhljóða að stofna Menningarmálanefnd Hólmavíkur og kjósa fulltrúa í hana síðar.
2. **Erindi frá Félagi skipstjórnarmanna um umboð til kjarasamningsgerðar fyrir félagsmenn.** Borist hefur bréf dags. 13. desember 2004 frá Félagi skipstjórnarmanna um að veita félaginu umboð til kjarasamningagerðar við skipstjórnarmenn við hafnsögu. Samþykkt var samhljóða að veita umboðið.
3. **Erindi frá Sjávarútvegsráðuneyti um tillögur að úthlutun byggðakvóta fyrir Hólmavíkurhrepp.** Borist hefur bréf frá Sjávarútvegsráðuneyti dags. 6. desember 2004, ásamt reglugerð um úthlutun 3.200 þorskígildistonna til stuðnings byggðarlögum. Ráðuneytið gefur sveitarstjórnnum kost á því að gera tillögur til ráðuneytisins um reglur sem gilda um skiptingu úthlutunar til einstakra skipa. Með bréfi dags. 30. des. 2004 hefur sveitarstjóri óskað eftir fresti fram yfir hreppsnefndarfundinn til að skila tillögu að úthlutunarreglum. Byggðakvóti sem rennur til Hólmavíkurhrepps á fiskveiðiárinu 2004-2005 er 69 tonn í þorskígildum. Eftirfarandi tillaga að úthlutarreglum var lögð fram af sveitarstjóra :
Úthluta skal til báta/skipa sem heimahöfn eiga á Hólmavík, landa aflanum í sinni heimahöfn og eigendur skráðir með búsetu í Hólmavíkurhreppi og eru skráðir þar þegar auglýstur umsóknarfrestur rennur út og hafi haft atvinnu af fiskveiðum s.l. fiskveiðiár. Ekki koma til greina þær útgerðir sem leigt eða selt hafa kvóta frá síðasta fiskveiðiári eða landað hafa utan heimahafnar nema gildar ástæður liggi fyrir. Úthlutun skal vera jöfn milli allra þeirra sem úthlutun fá, en ekki hlutfallsleg. Tillagan var borin upp og samþykkt með öllum atkvæðum.
4. **Erindi frá Vátryggingafélagi Íslands hf. ásamt tillögu að samkomulagi um vátryggingar.** Lagt fram "Samkomulag um vátryggingar milli Hólmavíkurhrepps og Vátryggingafélags Íslands hf." Samningur gildir um allar tryggingar Hólmavíkurhrepps og gildir til 5 ára. Samþykkt var samhljóða að fela sveitarstjóra að ganga frá samningnum og undirrita hann fyrir hönd Hólmavíkurhrepps.
5. **Erindi frá Ólöfu Jónsdóttur og Reyni Stefánssyni frá Hafnardal.** Borist hefur bréf dags. 3. jan. 2005 frá hjónunum í Hafnardal þar sem óskað er eftir greiðslum frá Hólmavíkurhreppi til að sonur þeirra dvelji á Hólmavík á skólatímanum en verði ekki með í heimanakstri. Samþykkt var samhljóða að fela sveitarstjóra að ná samkomulagi um lausn á erindinu.
6. **Fyrirkomulag snjómoksturs á Langadalströnd.** Lagt fram minnisblað frá sveitarstjóra um snjómokstur á Langadalströnd. Sá sem hefur séð um moksturinn er farinn burtu og óvissa um það hver annast snjómoksturinn framvegis. Samþykkt var samhljóða að fela sveitarstjóra að ræða við Vegagerðina um áframhaldandi fyrirkomulag snjómoksturs á Langadalströnd.
7. **Erindi frá Félagsmálaráðuneyti um áætlaðar heildargreiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna ársins 2005.** Borist hefur bréf dags. 17. desember 2004 frá Félagsmálaráðuneytinu varðandi Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Lagt fram til kynningar.
8. **Fundargerð Heilbrigðisnefndar Vestfjarða frá 10. desember 2004.** Borist hefur bréf dags. 13. desember 2004 frá Heilbrigðis-efirliti Vestfjarða ásamt fundargerð 46.fundar Heilbrigðisnefndar. Lagt fram til kynningar.
9. **Formleg opnun Íþróttamiðstöðvar Hólmavíkur.** Kristín S. Einarsdóttir og Valdemar Guðmundsson gerðu grein fyrir undirbúningi að formlegri opnun Íþróttamiðstöðvarinnar þann 15. janúar.

Fundargerð lesin upp og samþykkt. Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:10

Engilbert Ingvarsson (sign) Haraldur V. A. Jónsson (sign) Valdemar Guðmundsson (sign)

Eysteinn Gunnarsson (sign) Elfa Björk Bragadóttir (sign) Kristín S. Einarsdóttir (sign) Ásdís Leifsdóttir (sign)

Strandamaður
ársins
2004

Fréttirnar til fólksins og strandir.is standa fyrir vali á Strandamanni ársins 2004. Tilnefningar má senda á tölvupósti á netföngin stina@holmavik.is og strandir@strandir.is fyrir þriðjudaginn 25.janúar nk. Fylgja

skal rökstuðningur fyrir því hvers vegna viðkomandi er tilnefndur. Nánari fréttir af vali á Strandamanni ársins verða fluttar á vefnum www.strandir.is og verða úrslitin kunngjörð í kringum næstu mánaðarmót. kse



Jól og áramót á Ströndum

Svipmyndir frá viðburðum tengdum jólum og áramótum víðsvegar úr héraðinu

Skötuveislur

Nemendafélag Drangnesskóla efndi til sinnar árlegru skötuveislu á Þorláksmessukvöld í Samkomuhúsinu Baldri á Drangnesi. Var veislan vel sótt af íbúum Kald-
rananeshrepps og ekki margir sem sátu heima við sitt skötuát. Foreldrar krakkanna hjálpa til í eldhúsinu og þau bera matinn fram og taka af borðum. Allur ágóði rennur svo í ferðasjóð krakkanna. Í Brúarskála mun skata hafa verið á matseðlinum á Þorláksmessu og eflaust kærkomið þeim sem lögðu

í ferðalag þann dag þrátt fyrir leiðindaveður. Hólmavíkingar hafa ekki haft sameiginlega skötuveisla, eftir því sem undirrituð kemst næst, en talsvert mun vera um skötu-
boð í heimahúsum. Víst er alla vega að margir fagna því að þurfa ekki að elda skötu í nýhreingerðu eldhúsi, á meðan öðrum finnst jólin varla komin fyrir en skötulyktin berst um húsið.

-kse/strandir.is

Risjótt veður

Risjótt tíðarfar setti nokkurn svip á jólahaldið á Ströndum sem annars staðar og víst er að einhverjir hafi ekki komist ferða sinna um hátíðarnar vegna veðurs. Aðrir þurftu að fara af bæ rétt fyrir steikina til að aðstoða ferðafólk í ógöngum. Um áramótin rættist nokkuð vel úr veðrinu og til að mynda varð ekkert rask á áramótabrennu Hólmvíkinga sem tendruð var kl 18 að

vanda. Flugeldaveður var líka nokkuð hagstætt og sama má segja um veðrið á þrettándanum. Milli hátíðanna voru þónokkrir dagar sem ófærð raskaði daglegu lífi á Ströndum og til að mynda komust nemendur frá sveitabæjum við Djúp og í Tungusveit ekki í skóla þegar skólahald á Hólmavík hófst að eftir jólafrí þriðjudaginn 4. janúar. *-kse*



Frá skötuveislu á Drangnesi..

Ljósmynd: strandir.is/ Jenný Jensdóttir

Jólaböllin

Sá skemmtilegi siður að ganga kringum jólatréð er enn í heiðri hafður og á liðnum jólum voru haldin að minnsta kosti þrjú jólaböll á Ströndum. Hólm-
víkingar og Drangnesingar héldu sín jólaböll á annan dag jóla, en á Borðeyri var jólaballið

haldið í barnaskólanum þann 27. desember. Fréttaritara Strandavefsins gegnu kringum einiberjarunn og smelltu um leið af meðfylgjandi myndum sem sína greinilega gleðina sem skín úr hverju barnsandliti þegar sveinki lætur sjá sig. *-kse*



Jólahlaðborð

Veitingastaðurinn Café Riis stóð að venju fyrir tveimur jólahlaðborðum í desember og voru þau vel sótt, ágæt þátttaka var á föstudagskvöldinu og uppselt var á laugardagskvöldinu. Þriðja hlaðborðið var svo á sunnudagskvöldinu og þá fjölmenntu eldri borgarar. Eitthvað var líka um að vinnu-

staðahópar og einstaklingar tækju sig saman og færu á hlaðborð út fyrir sýsluna. Þannig fór til að mynda um þrjátíu manna hópur frá Hólmadrangi á Broadway í nóvemberlok og rúmlega 20 manns frá Heilbrigðisstofnuninni fóru í Reykjaskóla í Hrutafirði. Meðfylgjandi mynd er af gestgjöfum þar. *kse*



Strandagaldur hefur vörupróun á minjagripum

Á næstu vikum fer í gang verk-efni hjá Strandagaldri við vörupróun minjagripa fyrir Galdrasýningu á Ströndum, en stefnt er að því að minjagripagerð sýningarinnar verði að mestu sjálfbær um gerð muna sem seldir verða í sölubúðinni í framtíðinni.

Frá því að Galdrasýning á Ströndum opnaði vorið 2000 hefur verið unnið markvisst að því að auka tekjur af minjagripasölu. Á síðasta ári var velta sölubúðarinnar orðin nánast jafnmikil og aðgöngumiðasala en stefnt er að því að á komandi árum verði velta sölubúðarinnar tvöfalt meiri en tekjur af aðgangseyri. Því hafa forsvarsmenn Stranda- galdurs ákveðið að fara í um-

fangsmikla þróunarvinnu í vetur og hverskyns tilrauna- starfsemi með efni og hug- myndir sem hafa komið upp undanfarnar vikur og að fram- leiða lager fyrir næsta sumar. Það er því eins víst að vöruúr- val eigi eftir að stórauðast í sölubúð Galdrasýningar á Ströndum og að þar verði hægt að kaupa vandaðar nábrækur, tilbera og hverskyns galdra- kalla og aðrar vörur, auk alls annars sem hefur verið á boðs- tölum þar áður. Eins verður hugað að sérstakri vörulínu fyrir "Kotbýli kuklarans" á Klúku í Bjarnarfirði sem opnar í vor.

(www.strandir.is)



Sýnishorn af Galdragóssi sem var til sölu á jólamarkaðnum í desember.
Ljósmynd: KSE

Fundargerð 1045. hreppsnefndarfundar þriðjudaginn 14. desember

Ár 2004 þriðjudaginn 14. desember 2004 var haldinn fundur í hreppsnefnd Hólmavíkurhrepps. Fundurinn var haldinn á skrifstofu hreppsins og hófst hann kl. 17:00. Haraldur V.A. Jónsson oddviti setti fundinn og stjórnaði honum en auk hans sátu fundinn Valdemar Guðmundsson, Elfa Björk Bragadóttir, Eysteinn Gunnarsson og Kristín S. Einarsdóttir. Ennfremur sat fundinn Ásdís Leifsdóttir sveitarstjóri. Fundaritari var Engilbert Ingvarsson.

Þetta var gert: Oddviti flutti tillögu um afbrigði við dagskrá fundarins að 7. mál verði tekið á dagskrána, það er: Sala á hesthúsi að Víðidalsá. Afbrigði samþykkt samhljóða með öllum atkvæðum. Oddviti kynnti þá svohljóðandi dagskrá:

1. Erindi frá Íslandspósti hf. um breytt póstnúmer í Ísafjarðardjúpi.
2. Erindi frá Aarslev Kommunale Musikkule um norræna samspilsdaga 6. til 9. apríl 2005.
3. Yfirlit yfir rekstrarkostnað nokkurra grunnskóla vegna ársins 2003.
4. Erindi frá Félagsmálaráðuneytinu um breytingu á lögum vegna viðbótarlána húsnæðis.
5. Erindi frá Þórði Halldórssyni vegna skólaaksturs úr Ísafjarðardjúpi.
6. Skýrsla sveitarstjóra.
7. Sala á hesthúsi við Víðidalsá.

Þá var gengið til dagskrár:

1. Erindi frá Íslandspósti hf. um breytt póstnúmer í Ísafjarðardjúpi. Borist hefur bréf dags. 8. desember frá Íslandspósti um breytt póstnúmer á 8 bæjum í fyrrum Nauteyrarhreppi og verður það 512. Lagt fram til kynningar.
2. Erindi frá Aarslev Kommunale Musikkule um norræna samspilsdaga 6. til 9. apríl 2005. Borist hefur bréf dags. 25. nóvember 2004 frá Aarslev vinabæ Hólmavíkurhrepps um tónlistardaga 6. til 9. apríl nk. og er Hólmavík boðið að taka þátt og tilkynna það fyrir 15. janúar nk. Lagt fram til kynningar og samþykkt að senda bréfið til Grunnskólans og Tónskólans á Hólmavík.
3. Yfirlit yfir rekstrarkostnað nokkurra grunnskóla vegna ársins 2003. Lagt fram yfirlit yfir sundurliðaðan rekstrarkostnað 6 grunnskóla. Lagt fram til kynningar.
4. Erindi frá Félagsmálaráðuneytinu um breytingu á lögum vegna viðbótarlána húsnæðis. Borist hefur bréf dags. 8. desember 2004 frá Félagsmálaráðuneyti varðandi breytingu á lögum, sem tóku gildi 4. desember og setningu reglugerða við lögin þann 6. des. þar sem viðbótarlán eru felld úr gildi vegna húsnæðis. Lagt fram til kynningar.
5. Erindi frá Þórði Halldórssyni vegna skólaaksturs úr Ísafjarðardjúpi. Borist hefur bréf dags. 10. desember 2004 frá Þórði Halldórssyni þar sem hann fer fram á hækkun á greiðslu fyrir skólaakstur og greitt að hluta á meðan á verkfalli kennara stóð. Samþykkt var samhljóða að ekki væri tilefni til að hækka gjald fyrir skólaakstur þar sem samningur býður ekki upp á það. Samþykkt var samhljóða að bjóða Þórði 30% af þóknun fyrir akstur þá daga sem ekki þurfti að fara í skólaakstur í verkfalli kennara.
6. Skýrsla sveitarstjóra.

1. Torfi Jóhannsson hjá fyrirtækinu Ágústi og Flosa h.f. hefur óskað eftir upplýsingum um aukaverk vegna byggingar Íþróttamiðstöðvar. Hreppsnefndarmenn voru sammála um að engin ástæða væri til að láta slíkar upplýsingar í té.

2. Upplýsingar um tryggingamál.

3. Einn kennari hefur látið í ljós ósk um að draga uppsögn til baka. Hreppsnefnd fagnar því að uppsögnin hefur verið dregin til baka og vonast til þess að aðrir kennarar sem sagt hafa upp dragi sínar uppsagnir einnig til baka.

7. Sala á hesthúsi við Víðidalsá. Lögð fram umsögn um athugun á sölu á hesthúsi frá Valdemar Guðmundssyni og Eysteini Gunnarssyni, sem var falið að kanna málið. Á fundi þeirra með hestamönnum kom fram að þeir vilja kaupa hesthúsenda hússins sem er ca. 1/3 hluti, en ekki allt húsið. Lagt er til að gerður verði samningur um sölu og að hestamenn hafi forkaupsrétt að óseldum hluta hússins, en hreppurinn forkaupsrétt ef húsið verður endurselt. Samþykkt var að fela sveitarstjóra að gera samning um sölu og fyrirliggjandi kostnaðarverði.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Flaira ekki gert, fundi slitið kl. 18:35.

Engilbert Ingvarsson (sign) Haraldur V. A. Jónsson (sign) Valdemar Guðmundsson (sign)

Eysteinn Gunnarsson (sign) Elfa Björk Bragadóttir (sign) Kristín S. Einarsdóttir (sign) Ásdís Leifsdóttir (sign)

Fundargerð 1044. hreppsnefndarfundar þriðjudaginn 7. desember 2004.

Ár 2004 þriðjudaginn 7. desember 2004 var haldinn fundur í hreppsnefnd Hólmavíkurhrepps. Fundurinn var haldinn á skrifstofu hreppsins og hófst hann kl. 17:00. Haraldur V.A. Jónsson oddviti setti fundinn og stjórnaði honum en auk hans sátu fundinn Valdemar Guðmundsson, Eysteinn Gunnarsson, Kristín S. Einarisdóttir og Björn Hjálmarsson varamaður. Auk þeirra sátu fundinn Ásdís Leifsdóttir sveitarstjóri. Fundarritari var Engilbert Ingvarsson.

Þetta var gert:

Oddviti kynnti boðaða dagskrá í 7 tölulíðum, sem var eftirfarandi:

1. Tillögur verkefnisstjórnar um sameiningu sveitarfélaga í Strandasýslu.
2. Erindi frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga um markaðsmál ferðaþjónustunnar.
3. Erindi frá Hagstofu Íslands vegna skráningu íbúa 1. desember 2004.
4. Erindi frá Rannsóknunum og Ráðgjöf um styrk vegna gerðar Sögukorts Vestfjarða.
5. Erindi frá Leið ehf. vegna umhverfismats nýs vegar um Arnkötludal og Gautsdal.
6. Erindi frá Láru G. Agnarsdóttur til hreppsnefndar Hólmavíkurhrepps.
7. Skýrsla sveitarstjóra.

Þá var gengið til dagskrár:

1. Tillögur verkefnisstjórnar um sameiningu sveitarfélaga í Strandasýslu. Í tillögum verkefnisstjórnar er gert ráð fyrir sameiningu allra sveitarfélaga í Strandasýslu nema Bæjarhrepps. Óskað er umsagnar hreppsnefndar Hólmavíkur, sem á að skila fyrir 10. desember. Sveitarstjóri lagði fram frumdrög að umsögn hreppsnefndar. Í umræðum kom fram að forsenda fyrir möguleikum á sameiningu sveitarfélaga í Strandasýslu og hugsanlega Austur-Barðastrandasýslu væru bætтар samgöngur og verulegar vegaframkvæmdir, svo að heilsárs samgöngur verði tryggðar í nýju sveitarfélagi. Á fundinum var samin umsögn hreppsnefndar og var sveitarstjóra falið að ganga endanlega frá henni og senda til verkefnisstjórnar um eflingu sveitarstjórnarstígsins.

2. Erindi frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga um markaðsmál ferðaþjónustunnar. Borist hefur bréf dags. 24. nóvember 2004 frá Fjórðungssambandinu, ásamt tillögum vegna markaðs- og kynningaraðgerða fyrir Ferðamálasamtök Vestfjarða frá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða. Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga leggur til að sveitarfélög á Vestfjörðum leggi fjármagn til markaðsskrifstofu ferðamála, samtals að upphæð kr. 7.025.000.- og hlutur Hólmavíkurhrepps af þeirri upphæð verði kr. 442.929.- Eftirfarandi var samþykkt samhljóða: Hreppsnefnd sér ekki ávinning í að taka þátt í verkefninu að svo stöddu.

3. Erindi frá Hagstofu Íslands vegna skráningu íbúa 1. desember 2004. Borist hefur bréf dags. 2. des 2004 frá Hagstofu Íslands, ásamt tilkynningu um lögheimilisflutninga úr og til hreppsins á árinu. Skilafrestur til árlegrar íbúaskrár 1. des. er til 8. desember 2004. Lagt fram til kynningar.

4. Erindi frá Rannsóknunum og Ráðgjöf um styrk vegna gerðar Sögukorts Vestfjarða. Borist hefur bréf dags. 11. nóvember 2004 frá Rannsóknunum og ráðgjöf ferðaþjónustunnar, sem undirbúa útgáfu sögukorta á Vestfjörðum. Sótt er um að Hólmavíkurhreppur styrki útgáfuna með kr. 250.000.- Samþykkt var samhljóða að styrkja verkefnið, ef heildarfjármögnun fæst.

5. Erindi frá Leið ehf. vegna umhverfismats nýs vegar um Arnkötludal og Gautsdal. Borist hefur bréf dags. 24. nóvember frá Leið ehf. varðandi umhverfismat nýs vegar um Arnkötludal og Gautsdal. Bréfið er sent íl 26 hagsmunaaðila, sem eiga kost á að gera athugasemdir við umhverfismatið. Hreppsnefnd samþykkti samhljóða að gera engar athugasemdir við fyrirhugaðan veg um Arnkötludal.

6. Erindi frá Láru G. Agnarsdóttur til hreppsnefndar Hólmavíkurhrepps. Borist hefur bréf dags. 15. nóv. 2004 frá Láru G. Agnarsdóttur þar sem hún lýsir óánægju með viðhorf samtaka sveitarfélaga í samningum við kennara. Hefur hún hugleitt að segja upp störfum vegna þess. Fjórir kennarar hafa sagt upp störfum við Grunnskólann á Hólmavík. Lagt fram til kynningar.

7. Skýrsla sveitarstjóra. Lögð fram skýrsla frá sveitarstjóra um eftirfarandi:

1. Málefni Íþróttamiðstöðvarinnar Hólmavík og gjaldtaka fyrir tíma.
2. Gagntilboð í Austurtún 10 kr. 4.800.000.- hefur verið samþykkt.
3. Fundur verður haldinn 9. desember með hreppsnefndum í Strandasýslu um byggðaaætlun.
4. Beiðni um hækkun á gjaldi fyrir skólaakstur.
5. Fjárhagsáætlun fyrir 2005 liggur ekki fyrir, vegna óvissu um útgjöld og hvort rekstur stendur undir sér m.a. vegna kjarasamninga kennara.

Eftirfarandi var samþykkt samhljóða:

Íþróttamiðstöðin Hólmavík verði tekin formlega í notkun og þriggja manna nefnd sjái um það. Fulltrúi frá hreppsnefnd í nefndinni verður Valdemar Guðmundsson, en auk hans óskast tilnefndir í nefndina einn frá Umf. Geislanum og annar frá Grunnskólanum og sjái hún um undirbúning. Gjald fyrir notkun á íþróttasal kr. 5.000.- pr. klst. og notkun á badmintonvelli kr. 2.000.- á hvern einstakan.

Fundur þann 9. desember verður á Sævangi. Þar verður kynnt starf Verkefnisstjórnar um byggðaaætlun fyrir Vestfirði og hefst fundurinn kl.

14.30. En kl. 13.00 mun Jóhann B. Arngímsson funda með sveitarstjórnarmönnum vegna málefna Heilbrigðisstofnunar Hólmavíkur.

Kannað verði hvað önnur sveitarfélög hafa borgað skólabílstjórnur í verkfalli kennara. En bindandi samningur er um skólaakstur í Skjaldfannardal.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:45.

Engilbert Ingvarsson (sign) Haraldur V. A. Jónsson (sign) Valdemar Guðmundsson (sign) Björn Hjálmarsson (sign)

Tvö útköll á árinu

Björgunarsveitin Dagrenning á Hólmavík hefur tvisvar verið kölluð út það sem af er nýju ári, í báðum tilfellum til að aðstoða vegfarendur vegna ófærðar. Í seinna tilfelli, aðfarnótt 8. janúar var um að ræða ungt fólk sem var í ógöngum á Ennishálsi á fjórhjóladrifnum fólksbíl. Svo

heppilega vildi til að bíllinn hjá þeim stoppaði á þeim bletti sem GSM-samband er og gat fólkið því látið lögreglu vita. Björgunarsveitarmenn hjálpuðu fólkinu suður fyrir Stíkuháls og komust síðan til síns heima laust fyrir klukkan átta um morgunin.

Kse/ JJ - strandir.is

Heiða í Idol

Á föstudaginn hefjast 10 manna úrslit í Idol-stjórmeit. Sýnt verður frá keppninni í beinni útsendingu á Stöð 2 og áhorfendur velja hverjir komast áfram hverju sinni. Aðalheiður Ólafsdóttir frá Hólmavík verður þar í eldflunni, en hún komst áfram í 10 manna úrslitin. Aðalheiður

eða Heiða eins og hún er yfirleitt kölluð hefur sungið með hljómsveitunum URL og Bikkabane síðustu árin. Hún er 23 ára og hefur sungið frá unga aldri, m.a. tekið þátt í uppsetningum á söngleikjum í framhaldsskóla og að sjálfsgöðu með Leikfélagi Hólmavíkur. *Kse/JJ-strandir.is*

Hvað er um að vera?

Hvað?	Hvenær?	Hvar?
Skilafrestur í samkeppni um logo fyrir Ózon	Laugardaginn 15. janúar	
Formleg opnun Íþróttamiðstöðvarinnar	Laugardaginn 15. janúar	Íþróttamiðstöð/ Félagsheimili Hólmavík
Porrablót áttahagafélags Strandamanna	Laugardaginn 15. janúar	Versölum við Hallveigarstíg, Reykjavík
Opin stjórnarálfundur Sjálfstæðismanna: Einar O. Kristjánsson og Sigríður Anna Þórðard.	Fimmtudaginn 20. janúar kl 20	Á Café Riis, Hólmavík
Íþróttahátíð Grunnskólans á Hólmavík	Laugardaginn 29. janúar	Íþróttamiðstöðinni á Hólmavík
Porrablót á Hólmavík	Laugardaginn 29. janúar	Í Félagsheimilinu á Hólmavík
Bóka- og ljóðakvöld	Fimmtudaginn 3. feb. kl 20:15	Í Héraðsbókasafninu
Spilakvöld Bridgefélagsins	Á þriðjudögum kl 20	Í Rósubúð (Björgunarsveitarhúsinu)

Bóka- og leikritakvöld

Héraðsbókasafni Strandasýslu í Grunnskólanum á Hólmavík
fimmtudaginn 3. Febrúar kl. 20:15.
Bókaormur mánaðarins og ljóðavinir
kynna uppáhaldsbækurnar sínar og
ljóðin.

Héraðsbókasafn Strandasýslu
www.holmavik.is/bokasafn



Nýji lífstíllspakkinn er allt sem þú þarft til að efna áramótaheitið!!!

- Próteinsjeik (5 bragðtegundir)
 - Próteinduft
- Vítamín og steinefni

Allt þetta í nýja Quickstart pakkanum í Shape works kerfinu ...

Allar upplýsingar :
Sjálftæður dreifingaraðili:
Kristín S Einarsdóttir
Borgabraut 3 Hólmavík
S. 4513595 og 867 3164
stina@holmavik.is



Formleg opunar Íþróttarmiðstöðvarinnar á Hólmavík

Laugardaginn 15. janúar kl 14:00



Kl 11:00 hefst íþróttakappleikir í Íþróttasalnum.

Kl 14:00 hefst hátíðardagskrá í Íþróttamiðstöðinni.

Á dagskrá verða ávörp, íþróttatriði, tónlistaratriði, glens og gaman.

Um kl 15:30 verða kaffiveitingar í Félagsheimilinu.

Allir hjartanlega velkomnir

Undirbúningsnefnd

Smáar:

Óskast keypt

Vantar minniskubba í Play station 2 og gönguskíðaskó á 9 ára.
Uppl. í síma 4513585 og 8673164.

Til sölu

Til sölu Toyota Touring árgerð 1998, ekinn 112.000.km.
Vetrardekk á felgum, sumardekk á álfelgum.
Til sölu Toyota Rav árgerð 2002, ekinn 66.000.km. Sjálfskiptur,
2000 vél, vetrardekk á felgum, sumardekk á álfelgum.
Til sölu árgömul Ariston þvottavél kr. 20.000.-
Upplýsingar gefur Einar í síma 861-4806.

Námskeið á nýju ári!

Þýska fyrir byrjendur: Hefst 19. janúar, kennt á mánudögum og miðvikudögum kl 20-21:30.
Leiðbeinandi: Rúna Stína Ásgrímsdóttir

Tölvunámskeið: Hefst 31. janúar, kennt á mánudögum og miðvikudögum kl 20:00-22:00. Alls 36 kst (12 kvöld).
Námskeiðið er sniðið að þörfum þeirra er lítið eða ekkert kunna á tölvur. Markmið námskeiðsins er að gera þátttakendur færa um að nota tölvuna til að skrifa texta, setja hann snyrtilega upp og prenta. Fara á Netið og taka á móti pósti og senda póst. Leita eftir gagnlegum upplýsingum á Netinu o.fl.

Skráningar hjá Kristínu í s. 451-3585 og 867-3164 og hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða í s. 456 5025 og á www.frmst.is

Hafnarbraut 19, sími 4513510
Ráttgjafi: Kristín Sigurrós Einarisdóttir
Netfang: stina@holmavik.is
Yfirlastur: Kristján Sigurðsson



Rúm hundrað tonn af byggðakvóta í sýsluna

Búið að úthluta í Árneshreppi en Hólmavík- og Kaldrananeshreppar bíða samþykkis á reglum



Frá Hólmavíkurböfn

Ljósmynd: KSE

Samtals koma rúm 848 tonn af byggðakvóta úr úthlutun sjávarútvegsráðuneytisins í hlut Vestfirðinga, en úthlutunin var kynnt í byrjun desember, þar af fara 110,5 tonn á Strandir. Til Hólmavíkur fara 69 tonn, á Dranganes 31,5 tonn og í Árneshrepp fara 10 tonn. Í Árneshreppi hefur byggðakvótanum þegar verið úthlutað og var ákveðið að hann færi til sex heimabáta sem gera út frá Norðurfirði. Þessir bátar og eigendur þeirra eru: Blær ST 16 (Úlfar Eyjólfsson Krossnesi), Drangavík ST 160 (Þórður Magnússon Djúpa-vík), Guðmundur Gísli ST 23 (Guðmundur G. Jónsson

Munaðarnesi), Óskar III ST 40 (Gunnsteinn Gíslason Bergistanga), Kleif ST 72 (Hávarður Benediktsson Kjörvogi) og Fiskavík ST 44 (Guðmundur Jónsson Stóru-Ávík), skv. heimildum *strandir.is*. Hreppsnefnd Kaldrananeshrepps hefur samþykkt tillögu að úthlutunarreglum. Hreppsnefnd Hólmavíkurrepps samþykkti á þriðjudaginn drög að reglugerð um úthlutun kvótans. Samkvæmt lögum skulu sveitastjórnir senda sjávarútvegsráðuneytinu reglurnar til samþykktar og í framhaldi af því verða þær kynntar og aðilum gefin kostur á að sækja um hluteild í byggðakvótanum. -kse

Áfram verslað á Borðeyri

Í janúarbyrjun opnaði ný kjörbúð á Borðeyri. Hlutfélagið Lækjargarður ehf í eigu Sigrúnar Waage og Heiðars Þórs Gunnarssonar hefur keypt allar húseignirnar sem Kaupfélag V-Hún. á Hvammstanga átti á staðnum, en Kaupfélagið hætti verslunarrekstri þar á gamlársdag, eftir rúmlega hundrað ára samfellda sögu samvinnuverslunar á staðnum. Til að byrja með hyggjast þau Sigrún og Heiðar reka kjörbúðina ásamt verslun með nauðsynlegar bændavörur. Lækjargarður ehf mun einnig

hýsa skrifstofu Ráðanautabjónustu Húnaþings og Stranda og í skoðun er að Sparisjóður Húnaþings og Stranda flytji aðstöðu og afgreiðslu sína þangað. Sigrún og Heiðar segjast vera með eitt og annað á þróunum sem framtíðin mun leiða í ljós, t.d. er hugmynd að opna tjaldstæði í vor undir kaupfélagsbrekkunni og hafa hreinlætisaðstöðu í verslunarhúsnæðinu.

(kse/ www.strandir.is)

Sundlaugarbyggingin á Drangnesi fókheld



Sundlaugarbyggingin rétt fyrir áramótin.

Ljósmynd: Jenný Jensdóttir/ www.strandir.is

Sundlaugarbyggingin á Drangnesi er orðin fókheld. Hefur verið gengið mjög vel, en byrjað var að grafa fyrir byggingunni þann 21. ágúst sl. Þakjárn er komið á húsið og klæðning utan á og hurðir og gluggar eru komin á staðinn og verður farið í þá vinnu um leið og veður leyfir. Verið er að gera kjallarann tilbúinn undir málningu, en því verður að vera lokið áður en hreinsibúnaður og annað sem þar verður kemur inn. Hitaveita er

komin í húsið og hiti kominn á gólf, þannig að þægilegra verður með alla smíðavinnu inni þó áfram verði eins kalt og undanfarið. Þessa dagana eru verkatakarnir, Grundarásmenn, að vinna á fullu innan húss við einangrun útveggja. Jenný Jensdóttir oddviti segir að ekki liggi fyrir hvenær sundlaugin veður tekin í notkun, en vonast þó til að menn komist í sund á bryggjuhátið í sumar.

Kse/www.strandir.is



Heiðar Þór Gunnarsson og Sigrún Waage í verslun sinni á Borðeyri.

Ljósmynd: Sveinn Karlsson/www.strandir.is